

In memoriam

# Sigurjón Jóhannsson

Fæddur 12. ágúst 1933 – Dáinn 18. ágúst 2005

SNEMMA ÁRS 1976 ákváðu forráðamenn Lækna-  
blaðsins að leyfa ráðningu blaðamanns í hlutastarf  
við blaðið. Ég leitaði þá til gamals skólabróður  
míns, Sigurjóns Jóhannssonar, sem ég vissi að  
kunni til verka við frágang blaða og fékk hann til  
starfa. Við þá ráðningu skipti ekki minna máli að  
Sigurjón var vel að sér um sálarlíf prentara.

Samstarfið við Sigurjón var farsælt og það var  
eftirsjá að honum þegar hann flutti til Noregs fjór-  
um árum seinna. Þangað fylgdi hann konu sinni,  
Ernu Þorleifsdóttur læknafróðu, sem var á leið í  
framhaldsnám í félagsráðgjöf.

Sigurjón var fljótlega ráðinn sem kennari við  
norska blaðamannaháskólann vegna þekkingar  
hans á blaðamennsku og vinnslu blaða, þótt hann  
hefði ekki háskólapróf upp á vasann. Þar kom sér  
vel listfengi hans enda var hann fær ljósmyndari  
að auki. Þegar heim kom tók hann þátt í að hleypa  
af stokkunum upplýsinga- og fjölmiðlabraut við  
Fjölbrautaskólann í Breiðholti þar sem hann starf-  
aði fram að eftirlaunaaldri.

Um leið og ég þakka Sigurjóni samfylgdina og  
samstarfið vil ég ítreka það sem ég hef áður sagt að  
velgengi Læknablaðsins hefur æ síðan hann kom  
til starfa byggt á því að blaðið hefur notið þeirrar  
gæfu að hafa góða blaðamenn í starfi.

Ég votta börnum Sigurjóns og eftirlifandi sam-  
býliskonu hans, Ingibjörgu Þórarinsdóttur, samúð  
mína.

**Örn Bjarnason**



VIÐ ÞESSA kveðju Arnar Bjarnasonar vil ég bæta  
örfáum orðum. Um það leyti sem Sigurjón réðst  
til starfa á Lækna-bláðinu var hans aðalstarfsvett-  
vangur á Þjóðviljanum. Þar kynntist ég honum  
þegar ég hóf störf sem blaðamaður í ársbyrjun  
1973. Ég er ekki frekar en Sigurjón með langa  
menntun að baki en naut þeirra forréttinda að  
geta leitað til reyndra blaðamanna sem leiddu mig  
fyrstu sporin í faginu.

Meðal þeirra sem reyndust mér best á þessum  
tíma var Sigurjón Jóhannsson. Það kom mér ekki á  
óvart að hann skyldi helga sig kennslu síðari hluta  
starfsævi sinnar því honum var í blóð borið að  
segja ungu fólki til og kenna því réttu vinnubrögð-  
in. Okkur varð vel til vana og þó við sæjumst ekki  
reglulega voru fundir okkar alltaf ánægjulegir. Að  
kynnum okkar bý ég enn og vil þakka fyrir mig.

**Pröstur Haraldsson**



## Bráðalækningar utan sjúkrahúsa

Í samstarfi við slysa- og bráðadeild Landspítala háskólasjúkrahúss og  
Fræðslustofnun lækna. Ætlað starfandi læknum. Hámarksfjöldi þátt-  
takenda er 24.

**Markmið** námskeiðsins er að þjálfra lækna í að bregðast við vandamál-  
um sjúklinga á vettvangi utan sjúkrahúsa með þeim búnaði sem er í  
fullbúnum sjúkrahúsi. Allir sem koma að kennslu á námskeiðinu hafa  
umtalsverða reynslu af vettvangsstörfum. Í fyrirlestrum er fjallað um:  
vinnuáætlunir utan sjúkrahúsa og öryggi á vettvangi, störf sjúkra-  
flutningamanna og neyðarvarða, ábyrgð og eftirlitshlutverk lækna með  
þeim störfum, bráðalyf og bráð sjúkdómseinkenni, kynntir vinnuferlar  
endurlífgunar, fæðingar og kvensjúkdómar, bráðveik börn og endurlífgun  
barna, áverkar aldraðra, áverkaferli, hópslys. Helmingur námskeiðsins

felst í verklegum æfingum í endurlífgun, sérhæfðum öndunarvegi,  
áverkamati, skorðun á hrygg og spelkun, hópslysaviðbúnaði, heimsókn  
á Neyðarlínu og fleira. Verknám á neyðarbíl (val). Á síðasta degi fer hluti  
verklegra æfinga fram utandyra hvernig sem viðr. Fólklæði sig í  
samræmi við veður.

**Umsjón/kennarar:** Hjalti Már Björnsson læknir á slysa- og bráðadeild  
LSH, Jón Baldursson yfirlæknir á slysa- og bráðadeild LSH, Kristín  
Sigurðardóttir læknir á slysa- og bráðadeild LSH, og Viðar Magnússon  
læknir á slysa- og bráðadeild LSH.

**Tími:** 25.-28. okt. 2005, kl. 8:30 - 16:30.

**Verð:** 55.000 kr.

Nánari upplýsingar og skráning á [www.endurmenntun.is](http://www.endurmenntun.is)